

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 10/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/98 frá 18. desember 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/42/EB frá 19. júní 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/21/EB um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56b (tilskipun ráðsins 95/21/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0042:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/42/EB frá 19. júní 1998 (Stjtið. EB L 184, 27.6.1998, bls. 40).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 18.11.1999, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 27.6.1998, bls. 40.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/42/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner
